

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 7/96
frá 29. febrúar 1996**

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/95 frá 19. maí 1995⁽¹⁾.

Tilmæli ráðsins 95/144/EB frá 7. apríl 1995 um samræmdar viðmiðanir við mat á öryggi í upplýsingatækni⁽²⁾ skulu felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 28. lið (ályktun ráðsins 94/C 181/01) í XI. viðauka við samninginn:

„29. 395 X 0426: Tilmæli ráðsins 95/144/EB frá 7. apríl 1995 um samræmdar viðmiðanir við mat á öryggi í upplýsingatækni (Stjtið. EB nr. L 93, 26. 4. 1995, bls. 27).“

2. gr.

Fullgiltur texti tilmæla ráðsins 95/144/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 273, 16. 11. 1995, bls. 47 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 43, 16. 11. 1995, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 93, 26. 4. 1995, bls. 27.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. febrúar 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

M. Sucker